



Reykjavík, 19. maí 2020

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Umsögn biskups Íslands til 150. löggjafarþings 2019 – 2020 um þingskjal 1216 – 708. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og fleiri lögum og um brottfall laga um kirkjumálasjóð (viðbótarsamningur íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar).

I. Almennar athugasemdir

Æskilegt hefði verið, að mati biskups, að samráð hefði verið haft við kirkjuna um samningu frumvarps þessa.

Biskup óskar eftir því við allsherjar- og menntamálanefnd, að frekari breytingar verði gerðar á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 (hér þjóðkirkjulög) og leggur í því skyni fram í umsögn þessari, breytingartillögur við frumvarpið. Í greinargerð með frumvarpinu segir að það sé liður í því að ná fram markmiðum sem felast í svokölluðum viðbótarsamningi sem fulltrúar íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar undirrituðu 6. september 2019. Biskup telur frumvarpið stuðla að því að þeim markmiðum verði náð. Breytingartillögur biskups við frumvarpið eiga fyrst og fremst að tryggja enn betur að markmið framangreinds viðbótarsamnings náist og auðvelda kirkjunni starf sitt. Eru þær breytingartillögur rökstuddar í umsögn þessari, hver fyrir sig.

Eins og kunnugt er, var samþykkt frumvarp til breytinga á þjóðkirkjulögum o.fl. á síðasta ári og tóku þær lagabreytingar gildi 1. janúar 2020. Gert var ráð fyrir því að kirkjuþing þjóðkirkjunnar fengi svigrúm á fyrsta ársfjórðungi ársins 2020 til að skipa tilteknum málum með setningu starfsreglna. Vegna samkomubanns, sem sett var á þann 16. mars 2020, ákvað forseti kirkjuþings að fresta framhaldsfundum kirkjuþings sem höfðu verið boðaðir þann 21. mars 2020 og liggur nú fyrir að kirkjuþing kemur næst saman þann 10. september 2020. Þessi frestun á fundum kirkjuþings hefur viss áhrif á möguleika kirkjunnar á að bregðast við tilteknum atriðum í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar, verði gildistaka þess að öllu leyti miðuð við birtingu. Biskup fer því fram á að sams konar svigrúm verði veitt vegna tiltekinna þátta, eins og gert var við fyrri breytingar á þjóðkirkjulögum fyrir síðustu áramót.

Er komið nánar inn á það í athugasemdum við þau ákvæði frumvarpsins þar sem það er talið nauðsynlegt.

Til upplýsinga skal tekið fram að sú skipulagsheild sem áður hét „Biskupsstofa“ er nú skráð í fyrirtækjaskrá sem „Þjóðkirkjan – Biskupsstofa“ en sama kennitala er fyrir skipulagsheildina. Því er lagt til að í tl. 6 hér að neðan sé heitið „Þjóðkirkjan – Biskupsstofa“ notað.

Um I. kafla

1.

Við kaflann bætist ný 2. gr. sem orðist svo:

4. mgr. 26. gr. laganna fellur brott.

Athugasemd:

Í ákvæðinu segir að um málsmeðferð í kirkjuráði, svo og meðal annarra kirkjulegra stjórnvalda, skuli fylgt ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eftir því sem við geti átt, leiði annað eigi af ákvæðum laga eða starfsreglna sem kirkjuþing setur skv. 59. gr. Hið sama eigi almennt við um sérstakt hæfi kirkjulegra stjórnvalda til meðferðar einstakra mála.

Stjórnsýslulög nr. 37/1993 gilda um stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, sbr. 1. gr. þeirra.

Markmið viðbótarsamnings ríkis og kirkju sem samþykktur var sl. haust er aukið sjálfstæði, ábyrgð og frelsi þjóðkirkjunnar til að skipa málum sínum og ferlum sjálf. Hvorki prestar né starfsfólk biskupsstofu er lengur embættismenn/starfsmenn ríkisins og biskupsstofa er ekki ríkisstofnun. Ríkisendurskoðun endurskoðar ekki lengur fjármál biskupsstofu og búið er að færa bókhald og launaumsýslu úr kerfum Fjárslu ríkisins.

Það fær því illa samrýmst þeim samningsmarkmiðum sem að framan greinir og er óeðlilegt að láta stjórnsýslulög gilda áfram um starf kirkjunnar. Biskup telur hins vegar, að svo stöddu, ekki þörf á að afnema ákvæði í 13. gr. þjóðkirkjulaga sem fjalla um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd og þar sem vísað er í stjórnsýslulög hvað varðar málsmeðferð fyrir nefndunum og hæfi nefndarmanna.

2.

Við 2. málsg. 59. gr. bætast þrjú nýir málslíðir, 4., 5. og 6. málslíðir, svo hljóðandi:

Kirkjuþingi er heimilt að ákveða í starfsreglum að allt að 5% af innheimtum sóknargjöldum til þjóðkirkjusafnaða skv. I. kafla laga um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987, með síðari breytingum renni í sérstakan sjóð fyrir hvert prófastsdæmi, héraðssjóð, í vörslu prófasts.

Kirkjuþing setur nánari starfsreglur um héraðssjóði og ráðstöfun fjár þeirra.

Ríkissjóði ber að greiða héraðssjóði þá fjárhæð er kirkjuþing ákveður, skv. 4. málslíð ákvæðis þessa., áður en sóknargjaldi er skipt milli sókna í hlutaðeigandi prófastsdæmi.

Athugasemd:

Lagt er til að áfram standi í þjóðkirkjulögum efnislega sömu ákvæði og 1. og 2. málsgreinum 8. gr. núgildandi laga um sóknargjöld o.fl. Til nánari skýringar er vísað til frekari athugasemda hér að neðan um 7. gr.

3.

3. mgr. 59. gr. laganna orðist svo:

Forseti kirkjuþings skal birta starfsreglur frá kirkjuþingi og aðrar réttarskapandi ákvarðanir þess innan fjögurra vikna frá samþykkt þeirra. Kirkjuþing setur nánari starfsreglur um

birtingu og útgáfu starfsreglna og annarra ákvarðana þingsins svo og þingskjala almennt.

Athugasemd:

Með sömu rökum og segir um 1. tl. hvað varðar breytta og sjálfstæðari stöðu þjóðkirkjunnar er eðlilegt að kirkjuþing ákvarði hvernig starfsreglur, gjaldskrár og annað er birt. Horfið sé frá því að birta starfsreglur kirkjuþings í B- deild Stjórnartíðinda eins og framkvæmdin hefur verið, enda fellur kirkjan vart lengur undir skilgreiningu 2. málslíðs 1. málsgreinar 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað nr. 15/2005, að vera stjórnvald eða opinber stofnun, eins og þar segir.

4.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða svo hljóðandi:

Ef brýna nauðsyn ber til er kirkjuráði heimilt, á grundvelli 59. gr. laganna, að setja starfsreglur og gjaldskrá til bráðabirgða, með samþykki forseta kirkjuþings. Slíkar ákvarðanir gilda til næsta fundar kirkjuþings og aldrei lengur en sex mánuði frá þeim degi að forseti kirkjuþings samþykkir þær. Ákvæði þetta fellur brott 1. janúar 2021. Starfsreglur skulu undirritaðar af forseta kirkjuráðs og forseta kirkjuþings og birtar með sama hætti og starfsreglur kirkjuþings.

Athugasemd:

Vegna þeirrar sérstöku stöðu, að kirkjuþing þjóðkirkjunnar hefur ekki getað komið saman vegna samkomubanns og tiltekin málefni eru, frá 1. apríl 2020, að vissu leyti í lagalegu tómarúmi t.d. gjaldskrá vegna prestsþjónustu, sem ekki er í gildi, er lagt til að sett verði tímabundin heimild fyrir kirkjuráð þjóðkirkjunnar að setja starfsreglur til bráðabirgða sem gildi einungis til loka árs 2020. Eðlilegt er að forseti kirkjuþings samþykki slíka ráðstöfun.

Um V. kafla

5.

Við 1. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr málslíður svo hljóðandi:

5. og 6. gr. laganna öðlast gildi 1. janúar 2021.

Athugasemd:

Kirkjan þarf tíma til að móta nýjar reglur um þá mikilvægu hagsmuni sem ákvæðin taka til og er lagt til að gildistaka ákvæðanna miðist við næstu áramót. Vart er sjáanlegt að það skaði hagsmuni ríkisins á nokkurn hátt eða girði fyrir framkvæmd viðbótarsamningsins. Til að halda því til haga er rétt að fram komi að brottfall héraðssjóða úr lögum var ekki eitt af þeim atriðum sem viðbótarsamningurinn tók til. Hvergi er orðað í samningnum að III. kafla laga um sóknargjöld o.fl. skuli falla brott. Eftir atvikum má þó fallast á slíka breytingu enda sé kirkjuþingi tryggður fullnægjandi lagagrundvöllur til að ákvarða áfram ráðstöfun hluta sóknargjalda til héraðssjóða eins og lagt er til í tl. 2 hér að framan, enda má segja að í því felist vald til að skerða tekjustofna sókna og er þörf lagaheimildar fyrir því.

6.

Við ákvæði 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr. svo hljóðandi:

Fasteignir og aðrar eignir og réttindi sjóða þeirra sem lagðir eru niður í lögum þessum skulu renna inn í Þjóðkirkjuna – Biskupsstofu, sem jafnframt tekst á hendur og ábyrgist skuldbindingar sjóðanna. Yfirlýsing Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu um svo breytt eignarhald skal teljast nægileg eignarheimild til þinglýsingar. Ekki skal greitt stimpilgjald vegna eignayfirfærslu fasteigna innan Þjóðkirkjunnar.

Athugasemd:

Þegar lögboðnir sjóðir kirkjunnar hafa verið lagðir niður er yfirleitt mælt fyrir um hvert eignir þeirra, verkefni og skuldbindingar skuli renna. (sjá t.d. 19. gr. l. um kristnisjóð nr. 54/1970, brottfall prestssetrasjóðs í 6. gr. l. 82/2007 og 1. gr. laga nr. 35/2002 um brottfall kirkjubyggingasjóðs. Til að auðvelda og einfalda þinglýsingu er lagt til að yfirlýsing Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu teljist nægileg eignarheimild til að þinglýsa megi eignarrétti hennar á fasteignum þeim sem nú eru í eigu kirkjumálasjóðs. Einkum er þar um að ræða prestssetur, jarðir og skrifstofuhúsnæði. Lagt er til, til að taka af allan vafa, að stimpilgjald sé ekki greitt við yfirfærslu eignarréttar fasteigna innan Þjóðkirkjunnar. Er þar stuðst við þá meginreglu sem fram kemur í 1. mgr. 3. gr. laga um stimpilgjald, nr. 138/2013, að ekki sé greitt stimpilgjald í kjölfar félagaréttarlegs samruna o.fl.

Virðingarfyllst, f.h. biskups Íslands



Guðmundur Þór Guðmundsson,
skrifstofustjóri Biskupsstofu

Umsögn Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, og fleiri lögum og um brottfall laga um kirkjumálasjóð (viðbótarsamningur íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar)

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er það fram komið til að náð verði markmiðum viðbótarsamnings íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar, sbr. svokallað kirkjujarðasamkomulag frá 1997, en viðbótarsamningurinn var undirritaður 6. september 2019. Samningnum fylgdi viljayfirlýsing þar sem segir m.a.:

Með nýjum samningi er stefnt að stórauknu fjárhagslegu sjálfstæði þjóðkirkjunnar. Í samræmi við það eru aðilar samningsins sammála um að einfalda mjög allt lagaumhverfi og fyrirkomulag á þeim greiðslum sem þjóðkirkjan fær úr ríkissjóði.

Ekki verður annað séð en breytingarnar sem lagðar eru til í fram komnum bandormi séu í góðu samræmi við þá stefnu sem samningsaðilar hafa sameinast um með þessum hætti og séu eðlilegt framhald af viðbótarsamningnum.

Þá skal á það bent að sú stefna sem boðuð er með viðbótarsamningnum, viljayfirlýsingunni og frumvarpinu fellur vel að þeirri þróun sem uppi er hér á landi varðandi stöðu þjóðkirkjunnar í samfélaginu sem og tengsl ríkis og kirkju í flestum nálægum löndum.

Áréttað skal að æskilegt virðist að sjálfstæði þjóðkirkjunnar verði almennt stóraukið miðað við það sem nú er en ekki aðeins á fjárhagssviðinu. Því er brýnt að við heildarendurskoðun á gildandi lögum um þjóðkirkjuna verði stefnt að einföldum **lögum um stöðu þjóðkirkjunnar** — eða lögum um stöðu og hlutverk þjóðkirkjunnar — í stað laga er taka til stöðu, **stjórnar og starfshátta** þjóðkirkjunnar líkt og nú er. Eðlilegt er að kveðið sé á um stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar í starfsreglum sem kirkjuþing setur en lög frá Alþingi taki aðeins til stöðu hennar og hugsanlega hlutverks.



Rúnar M. Þorsteinsson, deildarforseti Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar HÍ

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 22. maí 2020.
150. löggjafarþing 2019–2020.
Þingskjal 1216 — 708. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Efni: Umsögn Siðmenntar um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar, þingskjal 1216, 708. mál.

Dómsmálaráðherra hefur nú lagt fram frumvarp sem ætlað er til frágangs á málum er varða viðbótarsamning þann sem gerður var við Þjóðkirkjuna 6. september 2019, án umfjöllunar á Alþingi eða í samfélagi Íslendinga. Frumvarp þetta festir þann samning enn í sessi og er forsenda þess að íslenska ríkið geti staðið við ákvæði hans.

Siðmennt gerir athugasemdir við viðaukasamninginn, ferli málsins í heild og það frumvarp sem nú hefur verið sent til umsagna. Þar sem ekkert samráð var haft við almenning né hagsmunaaðila við gerð viðbótarsamningsins er hér einnig fjallað um hann og aðdraganda gerðar hans.

Viðbótarsamningur við Þjóðkirkjuna

Ferli án samráðs

Viðbótarsamningur íslenska ríkisins við Þjóðkirkjuna felur í sér grundvallarbreytingar á starfsháttum Þjóðkirkjunnar, en hlaut enga þinglega meðferð eða opinbera umræðu fyrir undirritun. Það verður að teljast undarlegt, í ljósi þess að reglulega eru gerðar skoðanakannanir þar sem meirihluti þjóðarinnar lýsir sig fylgjandi aðskilnaði ríkis og kirkju. Svo umdeilt mál ætti því alltaf að fá meðferð þar sem kallað er eftir álit almennings og hagsmunaaðila. Samningurinn var svo festur enn betur í sessi með lagasetningu rétt fyrir jól, en þar var ekkert mark tekið á beiðnum einstakra þingmanna um að staldrað yrði við og málin skoðuð frá öllum sjónarhornum. Málið var rekið í gegn án umsagnarferlis, sem er varla til mikillar þýði fyrir samfélag sem stærir sig af lýðræði, gagnsæi og jafnræði fyrir lögum.

Efni viðbótarsamningsins

Tilgangur viðbótarsamningsins var að koma í stað annars samnings frá árinu 1998, þar sem kveðið var á um nánari útfærslu á stuðningi ríkisins við Þjóðkirkjuna,

grundvölluðum á svokölluðu *kirkjujarðasamkomulagi*. Sá samningur varðaði m.a. fjölda starfsfólks, kostnað ríkisins auk annarra sjóða sem kirkjan sæti að mestu leyti ein að. Í stað stuðnings á þessum forsendum, skal ríkið samkvæmt viðbótarsamningnum greiða árlega gagngreiðslu til Þjóðkirkjunnar, tæplega 3,5 milljarða á verðlagi ársins 2018.

Siðmennt gerir meðal annars eftirfarandi athugasemdir við innihald viðbótarsamningsins:

- Ríkisstyrkur Þjóðkirkjunnar er tekinn algjörlega úr sambandi við fjölda meðlima.
Í fyrrverandi samningi hljóðaði ákveðinn hluti framlagsins upp á það að standa undir launagreiðslum 138 presta, en þeim fækkaði svo eftir því sem hlutfallslega fækkaði í Þjóðkirkjunni og voru komnir niður í 136 presta þegar viðbótarsamningurinn var gerður. Þessi samtenging hlýtur að teljast eðlileg, að því takmarkaða leyti sem eldri samningur var yfirhöfuð eðlilegur, þar sem Þjóðkirkjan þjónustar síminnkandi hóp Íslendinga. Siðmennt mótmælir því að þetta sé aftengt, enda mismunun trú- og lífsskoðunarfélaga með því aukin enn við það sem fyrir var.
- Samningurinn stenst varla lög um opinber fjármál.
Lög um opinber fjármál heimila ekki að ríkið skuldbindi sig með þessum hætti til meira en fimm ára. Samningurinn er gerður til 15 ára, óháð þeim breytingum sem kunna að verða á félagafjölda Þjóðkirkjunnar eða samfélagslegum áherslum.
- Samningurinn festir í sessi fyrirkomulag sem þjóðin hefur efasemdir um.
Kannanir síðustu ára hafa sýnt að þjóðin styður aðskilnað ríkis og kirkju. Samningurinn festir núverandi fyrirkomulag í sessi til fimmtán ára og viðist aðallega hafa það að markmiði að létta skyldum af herðum þjóðkirkjunnar, en ekki skyldum af herðum ríkisins gagnvart þjóðkirkjunni.

Athugasemdir við 708. mál

Í grunninn gengur frumvarp dómsmálaráðherra út á að fella brott lög um héraðssjóð, kristnisjóð, og Jöfnunarsjóð sókna. Jafnframt er fjarlægt úr lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993 ákvæði um það að Kirkjugarðsstjórn standi straum að kostnaði við þjónustu presta við útfarir.

Siðmennt fagnar niðurfellingu Kristnisjóðs, en hlutverk hans er meðal annars „að styðja hvers konar starfsemi kirkjunnar til eflingar kristinni trú og siðgæði með þjóðinni“. Siðmennt telur tímaskekkju að landslög Íslendinga hvetji til trúboðs eins ákveðins trúarbragðs, og taki siðferðilega afstöðu með kristinni kennisetningu ofar öðrum lífsskoðunum.

Siðmennt gerir alvarlegar athugasemdir við breytingar á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993. Þá vekur Siðmennt athygli á að samþykkt þessa

frumvarps felur í sér að viðbótarsamningurinn verði festur enn í sessi, án eðlilegrar umræðu og sanngjarns ferlis.

Niðurgreiðsla útfara

Í frumvarpi dómsmálaráðherra er lagt til að lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu sé breytt á þann hátt að kirkjugarðsstjórn sé ekki lengur gert að bera kostnað af prestþjónustu vegna útfara. Ákvæðið hefur verið túlkað þannig að það eigi einnig við um athafnarstjóra á vegum annarra trúar- og lífsskoðunarfélaga, í ljósi jafnræðis. Siðmennt telur þetta vera íþyngjandi fyrir önnur trú- og lífsskoðunarfélög en leiða má líkur að því að lagabreytingin geri út af við niðurgreiðslur útfara fyrir önnur trúfélög.

Jafnræði ógnað

Aðeins eitt trú- eða lífsskoðunarfélag fær ríkisstyrk til að standa straum af launagreiðslum til starfsfólks, auk sóknargjalda. Þjóðkirkjan hefur, á grundvelli svokallaðs *kirkjujarðasamkomulags*, getað ráðið fjölda starfsfólks til að veita félögum sínum ákveðna þjónustu. Önnur trú- og lífsskoðunarfélög hafa einungis getað stuðst við sóknargjöld til að standa straum af kostnaði við rekstur, athafnarþjónustu, sálgæslu og aðra þjónustu við félaga sína. Það gefur auga leið að með aukastyrkjum ríkisins er Þjóðkirkjunni gert kleift að bjóða upp á viðtækari og ódýrari þjónustu en önnur lífsskoðunarfélög, sem eru ekki samkeppnishæf, enda fáir eða engir starfsmenn á fullum launum hjá slíkum félögum. **Fyrir félag eins og Siðmennt hefur þetta þýtt að nauðsynlegt hefur verið að innheimta gjöld af þjónustu við félagsfólk, sem eru nokkuð hærri en gjaldskrá Þjóðkirkjunnar.** Athafnarstjórar Siðmenntar eru verktakar og flest í annarri vinnu og geta því miður ekki boðið upp á gæðþjónustu án þess að fá greitt fyrir það sanngjörn laun. Útfarir skera sig þá frá öðrum athöfnum að því leyti að þær fara yfirleitt fram á vinnutíma og þurfa athafnarstjórar þá að taka sér frí frá öðrum störfum, ólíkt þjóðkirkjuprestum sem eru þegar á launum sem eiga uppruna sinn í ríkissjóði.

Ekkert samráð - mikil óvissa

Eins og fram hefur komið harmar Siðmennt það samráðsleysi sem einkennir feril þessa máls, enda ætti að vera ljóst að Þjóðkirkjan er langt í frá eini hagsmunaaðilinn. Hingað til hefur kirkjugarðsstjórn greitt niður útfarir lífsskoðunarfélaga til jafns við athafnakostnað Þjóðkirkjupresta. Þannig hefur útför að verðmæti 70.000 kr. einungis kostað 35.000 fyrir aðstandendur hins látna og þannig komið til móts við þann mikla kostnað sem hlýst af hinstu kveðju nákomins einstaklings. Höfum við túlkað þessa niðurgreiðslu sem framlag ríkisins til að hægt sé að kveðja alla þegna landsins með reisn.

Vera má að þessu frumvarpi sé alls ekki ætlað að fella út niðurgreiðslur til annarra trú- og lífsskoðunarfélaga, en það verður þá að teljast mjög óskýrt og jafnvel ótryggt að slíkar greiðslur haldi áfram.

Íþyngjandi fyrir félagið

Siðmennt hefur síðustu árin ákveðið að standa algjörlega straum af kostnaði við athafnarþjónustu í útförum félagsfólks síns, ásamt útförum maka og barna undir 18 ára aldri. Þessi breyting hefur því í för með sér að Siðmennt verður af talsverðum fjárhæðum, njóti niðurgreiðslna ríkisins ekki við, ellegar þurfi félagið að endurskoða þetta fyrirkomulag.

Tillögur Siðmenntar

Siðmennt hvetur Alþingi til að hafna þessu frumvarpi og fela ríkisstjórninni að ganga á ný til samninga sem leyst geti af hólmi samningana frá 1907 og 1998 á grundvelli jafnræðisreglu og með hagsmuni allra landsmanna fyrir augum.

Siðmennt gerir sérstakar athugasemdir við 6. grein frumvarpsins, og leggur til – ef ekki verður samstaða um ofangreinda málsmeðferð – að Alþingi samþykki ekki greinina heldur feli ráðherra að íhuga málið betur í samráði við almenning og alla helstu haghafa, þar á meðal öll viðurkennd trú- og lífsskoðunarfélög. Siðmennt er reiðubúin að leggja sitt af mörkum í þeim efnum.

F.h. Siðmenntar,



Formaður Siðmenntar – félags siðrænna húmanista á Íslandi

Umsögn Vantrúar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, og fleiri lögum og um brottfall laga um kirkjumálasjóð (viðbótarsamningur íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar)

150. löggjafarþing - þingskjal 1216 - 708. mál.

Vantrú leggur til að þetta frumvarp verði ekki samþykkt þar sem þetta frumvarp:

1. Er skref afturábak í aðskilnaði ríkis og kirkju

Samþykkt frumvarpsins felur í sér samþykki á nýlegum viðbótarsamningi ríkis og kirkju. Með þessu er verið að festa í samningi til 15 ára 700 milljóna framlag ríkisins í tvo sjóði sem hingað til hefur verið ákveðið einhliða af ríkinu.

Aðskilnaður ríkis og kirkju felur í sér að slíta á fjárhagsleg tengsl ríkis og kirkju og að fella út fjárhagsleg forréttindi Þjóðkirkjunnar.

Í dag eru þessi fjárútgjöld sem um ræðir ákveðin af ríkinu með lögum. Því er hægt að slíta á þessi tengsl einhliða af ríkinu. Þetta frumvarp felur í sér að þetta samband og þessi fjárhagslegu forréttindi verði fest í samningi við hinn aðilann.

Þetta þýðir að erfiðara verður að slíta á tengsl ríkis og kirkju, og erfiðara verður að afnema þessi fjárhagslegu forréttindi Þjóðkirkjunnar.

2. Eykur útgjöld ríkisins í stað þess að lækka þau

Í núverandi lögum lækkar framlag ríkisins í sjóðina tvo í samræmi við fækkun meðlima Þjóðkirkjunnar sem eru 16 ára og eldri. Síðastliðin 10 ár hefur þeim fækkað um 1.000 á ári.

Ef sú þróun heldur áfram (og ekkert bendir til þess að svo verði ekki) þá mun það þýða aukin útgjöld upp á 400 milljónir yfir samningstímann.

Í staðin fyrir að samþykkja frumvarpið og hækka útgjöldin, væri nær að afnema einfaldlega þessar greiðslur og spara ríkissjóði 10 milljarða yfir samningstímann.

3. Hagsmunir skattgreiðenda ekki að leiðarljósi

Þegar ríkið gerir samninga upp á 10 milljarða ætti að liggja fyrir hvað ríkið fær fyrir aurinn. Það er engan veginn ljóst að ríkið fái neitt fyrir þessa 10 milljarða. Það er því engan veginn hægt að sjá hvernig þetta frumvarp fer saman við ábyrgða meðferð fjármuna ríkissjóðs. Frekar virðast hagsmunir Þjóðkirkjunnar ráða för.

Fyrir hönd Vantrúar,
Hjalti Rúnar Ómarsson, gjaldkeri Vantrúar